Menningarnótt í miðbænum:

Fjörið á Ingólfstorgi

Það væri til að æra óstöðugan ef telja ætti upp alla þá listamenn sem fram koma á menningarnóttinni í Reykjavík. Margir munu þó eflaust leggja leið sína á Ingólfstorg þar sem hljómsveitirnar Botnleðja, Maus, Quarashi og Kvartett Ó. Jónssons og Grjóna koma fram. Sú síðastefnda er að gefa út fyrstu breiðskífu sína um þessar mundir. DV hitti hljómsveitina að máli í herrafataverslun hér í bæ.

„Við ætluðum upphaflega að gefa út þessa plötu þegar við værum orðnir gamlir og hefðum spilað lengi saman, þá á svipaðan hátt og þegar Rúnar Júlíusson og vinur hans, Otis af vellinum, gáfu út plötu fyrir nokkrum árum. En skiptum um skoðun og ákváðum að þjófstarta," segja liðsmenn kvartettsins.

Tveggja ára tónlist

En hvernig myndu þeir félagarnir sjálfir lýsa tónlist sinni. „Þetta er aðallega tveggja ára tónlist, þ.e. tónlist sem til er orðin á tveimur árum. Annars einkennist platan helst af kappaksturslögum, og rólegri lögum. – Svona stemningar fyrir og eftir ránið, t.d. skipulagning. Einnig eru ýmis lög um ofjarla ræningja. Eins og sjá má er því grunnurinn að þessu algerar klisjur – eins og Rúnar og Otis – en svo leggjum við vonandi eitthvað aukalega til málanna."


Tónleikarnir á Ingólfstorgi hefjast klukkan 21 á laugardagskvöld.

-kbb



Sigurjón Árni Guðmundsson, Ólafur Jónsson og Viðar Hákon Gíslason úr Kvartett Ó. Jónsson og Grjóna. Á myndina vantar Þorvald Gröndal.

DV-mynd JAK



Skari Skrípó verður meðal þeirra sem koma fram við setningarathöfn menningarnætur á Ingólfstorgi kl. 17 á laugardag.

Á seyði í borginni

Það þarf að leita langt aftur tímann til að finna jafnfjölbreytta dagskrá á laugardagskvöldi í Reykjavík og einmitt þessa helgi.

Tónleikar, sýningar og margs konar uppákomur aðrar verða um alla borg, eins og sjá má á myndinni hér til hægri. Klassískir tónleikar eru auðkenndir með fiðlu, listsýningar með litaspjaldi, rokktónleikar með saxófónleikara.

Af listsýningum má nefna sýningu þeirra David Askevolds og Árna Haraldssonar á Kjarvalsstöðum sem er hluti af myndbandahátíðinni On Iceland. Aðrar sýningar sem verið hafa í Listasafni Íslands, Ásmundarsal og fleiri söfnum halda áfram. Í Þjóðarbókhlöðunni verður sýningin Ísland- Himnaríki eða helvíti? þar sem sýnd verða rit með skrifum erlendra manna um Ísland fyrr á öldum.

Fjölmargir tónleikar verða í bænum á laugardagskvöld. Í Dómkirkjunni, Hallgrímskirkju og Kristkirkju í Landakoti verður tónlistarflutningur, og efnt verður til tíðasöngs í Þjóðminjasafni Íslands þar sem borgarfulltrúar munu taka þátt.

Þetta er þó hvergi nærri tæmandi upptalning á listviðburðum því auk þessa verður fjölmargt annað á döfinni. Þá er rétt að geta þess að verslanir í miðbænum verða opnar til miðnættis og í mörgum þeirra verður sérstök dagskrá í tilefni menningarnætur.

SÝNINGAR

Gallerí, Ingólfsstræti 8. Fimmtudaginn 14. ágúst sýnir þýska listakonan Lore Bert Mengenlehre- Mengjafræði, ljósverk og verk unnin í pappír. Sýningin stendur til 14. september og er opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14–18.00.

Gallerí Regnbogans, Hverfisgötu 54. Sýning á verkum Sigurðar Örlygssonar er opin virka daga frá kl. 16–24 og frá kl. 14–24 um helgar.

Gallerí Stöðlakot, Bókhlöðustíg 6. Gunnar J. Straumland sýnir til 16. ágúst. Opið daglega frá kl. 14–18.

Gerðuberg. Jón Jónsson er með málverkasýningu. Opið fimmtud. til sunnud. frá kl. 14–18.

Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði. Laugardaginn 9. ágúst hefjast þrjár sýningar á verkum úr eigu safnsins. Í aðalsal verða sýnd landslagsmálverk eftir marga af þekktustu listmálurum þjóðarinnar, í Sverrissal verður sýning á völdum verkum eftir Eirík Smith og í kaffistofu verður sett upp sýning á tréristum eftir Gunnar A. Hjaltason.

Hótel Höfði, Ólafsvík. Laugardaginn 16. ágúst kl. 17.00 verður opnuð sýning á samtímalist. Verkin á sýningunni eru eftir fjölda íslenskra listamanna.

Ísafoldarhúsið, Þingholtsstræti 5. Heidi Kristiansen sýnir myndteppi. Vinnustofan er opin alla virka daga frá kl. 12–18.

Kjarvalsstaðir Sýningin Íslensk myndlist til 31. ágúst. Opið alla daga frá kl. 10–18. Laugardaginn 16. ágúst kl. 14.00 verður opnuð sýning á verkum tveggja myndlistarmanna, þeirra Davids Asjevolds og Árna Haraldssonar, og verður opið frá 10–18.

Listasafn ASÍ – Ásmundarsalur, Freyjugötu 41. Sýning á verkum Ívars Valgarðssonar 9.–24. ágúst. Safnið er opið þriðjudaga til sunnudaga frá kl. 14 til 18.

Listasafn Árnesinga, Tryggvagötu 23. Í tilefni 50 ára afmælis Selfossbæjar er haldin þessa dagana sýning á myndlist 15 Selfyssinga. Sýningin stendur til 31. ágúst og er opið frá 14–18 alla daga.

Listasafn Íslands. Sýning á myndlist og miðaldabókum Íslands. Á sýningunni eru málverk, grafík og höggmyndir sem byggðar eru á íslenskum fornritum.

Listasafn Kópavogs. Nú stendur yfir sýningin fjarvera/nærvera. Christine Borland, Kristján Guðmundsson og Juliao Sarmento.

Listhúsið í Laugardal. Gallerí Sjöfn Har. Myndlistarsýning á verkum eftir Sjöfn Har. Opið virka daga kl. 13–18 og laugardaga kl. 11–14.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnesi. Sumarsýning á 27 völdum verkum eftir Sigurjón. Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 14–17.

Listhús Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Finninn Harri Syrjänen er með sýningu á verkum sínum. Opið mán.– fös. frá kl. 10–18 og lau. frá kl. 11–14.

Norræna húsið. Sumarsýning Norræna hússins 1997: Guðjón Bjarnason sýnir skúlptúra og málverk. Sýningin stendur til 17. ágúst.

Nýlistasafnið, Vatnssíg 3B. Nú stendur yfir alþjóðlega sýningin On Iceland sem er myndbanda- og gjörningahátíð.

Sjóminjasafn Íslands, Hafnarfirði. Sýning á 20 olíumálverkum eftir Bjarna Jónsson listmálara. Sýningin stendur yfir sumartímann. Til 30. september verður Sjóminjasafnið opið alla daga frá kl. 13–17.

Snegla, listhús, Grettisgötu 7. Í gluggum stendur yfir kynning á verkum Sigríðar Erlu úr jarðleir. Opið virka daga kl. 12–18 og kl. 10–14 laugard.

Stofnun Árna Magnússonar, Árnagarði. Sumarsýning handrita 1997. Opið daglega kl. 13–17 til ágústloka.

Hulduhólar í Mosfellsbæ. Sýning á verkum eftir Sverrir Haraldsson 9.–31. ágúst.

Vorhugur, sýning á skúlptúrverkum Þorgerðar Jörundsdóttur og Mimi Stallborn, stendur yfir í húsnæði Kvennalistans að Pósthússtræti 7, 3. hæð. Opið á skrifstofutíma kl. 13–17 alla virka daga.

Skálholt. Sýningin Kristnitaka, sem er samvinnuverkefni Myndhöggvarafélagsins Í Reykjavík, Skálholtsstaðar og Skálholtsskóla, stendur til 14. október.